

Nd.

355. Frumvarp til laga

um vistarverur háseta á íslenskum skipum, er sigla um hættusvæði á ófriðartímum.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Vistarverur háseta, svefnklefar og matsalur, á skipi, sem siglir til erlendra hafna um svæði, þar sem hætta er á tundurduflum á ófriðartímum, mega eigi vera framfar í skipum en það, að minnst $\frac{1}{3}$ hluti af lengd skipsins sé fyrir framan þessar vistarverur.

2. gr.

Háseti sá, er heldur vörð á skipi, sem siglir um hættusvæði (tundurdufla-svæði), skal hafa varðstöðu í þar til gerðri körfu eða skýli, sem tryggilega er fest í framsigliu skipsins.

3. gr.

Skipaskoðun ríkisins hefir með höndum eftirlit með framkvæmd þessara laga, og sér eftirlitið um, að ákvæðum þeirra sé framfylgt svo fljótt sem kostur er á.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50000 króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skipaskaðar og manntjón af völdum tundurdufla, sem ýmist rekur laus um siglingaleiðir eða eru lögð í ákveðin svæði siglingaleiða af Evrópuþjóðum þeim, sem nú eiga í ófriði, fer óðum í vöxt. Reynslan hefir sýnt, að þeim mönnum, sem dvelja í framhluta skips, er steytir á tundurdufli, er mest hætta búin. Enda þótt skipstjórar hafi þegar almennt tekið upp þá reglu að flytja vistarverur háseta í afturhluta skipa sinna, þykir okkur eigi tryggt, að ekki kunni að finnast undantekningar, og viljum að þetta sé lögskipað.

Vitað er um, að eitt skip, sem er í siglingum milli landa, Brúarfoss, hefir komið fyrir skýli í framsigli fyrir varðmann. Fleiri skip hafa ekki slíkan umbúnað. Að sögn er slíkur umbúnaður kominn í öll brezk skip í framsigli eða reiða. Varðmaður frammi á skipinu er jafnt dauðadæmdur og aðrir þeir, sem frammi á skipinu búa, ef skip steytir á tundurdufli. Vegna þessarar hættu munu varðmenn ekki halda sig eins framarlega og nauðsynlegt er til að sjá vel fram undan.

Nánar í framsögu.